

26. fundur

6. apríl 2022

2009633SA
Málalykill: 16.32

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Félags íslenskra náttúrufræðinga**

Fundur haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra náttúrufræðinga, miðvikudaginn 6. apríl 2022. Fundað var með tölvupóstsamskiptum.

Mætt voru:

Fyrir hönd Félags íslenskra náttúrufræðinga: Maríanna Helgadóttir.

Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga: Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Hagvaxtarauki

Í gildandi kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tengiákvæði við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði um greiðslu hagvaxtarauka. Nú hefur forsendunefnd ASÍ og SA staðfest að hagvaxtarauki að upphæð 10.500 kr. komi á taxtalaun frá 1. apríl og til greiðslu þann 1. maí næstkomandi.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að frá 1. apríl bætist hagvaxtaraukinn 10.500 kr. við launatöflur gildandi kjarasamnings aðila. Hagvaxtaraukinn kemur til greiðslu frá og með mánaðarmótum apríl-maí 2022.

Fleira ekki gert.